

**3218. fundur bæjarráðs, haldinn í fundarherbergi 3. hæð, Stíllholti 16-18,
10. ágúst 2017 og hófst hann kl. 08:15**

Fundinn sátu:

Ólafur Adolfsson formaður, Þórður Guðjónsson varamaður, Ingibjörg Valdimarsdóttir aðalmaður, Vilborg Þ. Guðbjartsdóttir áheyrnarfulltrúi, Ingibjörg Pálmadóttir áheyrnarfulltrúi, Sævar Freyr Þránínsson bæjarstjóri og Steinar Dagur Adolfsson sviðsstjóri stjórnsýslu- og fjármálasviðs.

Fundargerð ritaði: Steinar Adolfsson, sviðsstjóri.

Fyrir tekið:

1. 1609101 - Frístundamiðstöð við Garðavöll - nýr golfskáli

Bygging frístundarmiðstöðvar við Garðavöll Akranesi.
Endanleg samningsdrög og fylgigögn.

Sigurður Páll Harðarson sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs situr fundinn undir þessum lið.

Bæjarráð samþykkir fyrirliggjandi húsaleigusamning á milli Fasteignafélags Akraneskaupstaðar slf. og Akraneskaupstaðar, fyrirliggjandi húsaleigusamning á milli Akraneskaupstaðar og Golfklúbbsins Leynis, og fyrirliggjandi yfirlýsingu/samkomulag á milli Akraneskaupstaðar og Golfklúbbsins Leynis vegna uppbyggingar frístundamiðstöðvar við Garðavöll.

Bæjarráð leggur til við stjórn Fasteignafélags Akraneskaupstaðar slf. að fyrirliggjandi yfirlýsing og húsaleigusamningar verði samþykktir.



2. 1701281 - Akranes ferja - flóasiglingar



Óskað er heimildar bæjarráðs um könnunarviðræður við Sæferðir ehf. og Reykjavíkurborg um áframhaldandi ferjusiglingar milli Akraness og Reykjavíkur á árinu 2018.

Sigurður Páll Harðarson sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs situr fundinn undir þessum lið.

Bæjarráð felur bæjarstjóra að hefja viðræður við Sæferðir ehf. og Reykjavíkurborg um framhald ferjusiglinga á milli Akraness og Reykjavíkur á árinu 2018.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 09:45.


Ingibjörg Valdimarsd.
Vilborg Þ. Guðbjartsd.
Þórður Guðjónsson


 Sævar Freyr Þránínsson
 Steinar Dagur Adolfsson 55